

Almennir skilmálar

Skilmáli AS-1

1. gr. Inngangur

- 1.1 Almennir skilmálar gilda um allar váttryggingar félagsins nema ákvæði annarra skilmála kveða á um annað. Ákvæði í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum og frávikjanlegum lagaákvæðum.
- 1.2 Ákvæði í almennum skilmálum ganga frammar ákvæðum annarra skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

2. gr. Upphaf og lok ábyrgðar

Váttryggingin tekur gildi þegar félagið hefur samþykkt váttryggingarbeiðni, nema annað sé lögboðið eða samið sé um að hún taki gildi á öðrum tímamarki.

3. gr. Tímabil váttryggingar og endurnýjun

Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast váttryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, nema um annað sé samið. Sé um skammtímatryggingu að ræða endurnýjast hún ekki. Sama á við þar sem skýrlega er tekið fram í skilmálum að váttryggingin falli niður við ákveðið tímamark.

4. gr. Greiðsla iðgjalds

- 4.1 Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.
- 4.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur váttryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald þá enn ógreitt, sbr. 33. gr. og 96. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Váttryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttrygging var í gildi.
- 4.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 4.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

5. gr. Uppsagnarréttur

- 5.1 Vilji váttryggingartaki segja váttryggingunni upp í tengslum við endurnýjun skal það gert skriflega innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um endurnýjun, þó ekki síðar en tveimur vikum fyrir endurnýjunardag.
- 5.2 Váttryggingartaka er jafnframt heimilt að segja upp váttryggingu, sem endurnýjast sjálfkrafa, vegna flutnings váttryggingarinnar til annars félags, sbr. 14. gr. og 75 gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Skal þá tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða váttryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma.
- 5.3 Þegar váttryggingin er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur váttryggingartaki aðeins sagt váttryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabilsins.

6. gr. Uppsagnarréttur félagsins

Félagið getur sagt upp þessum váttryggingarsamningi vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:

- 6.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 21. og 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 6.2 Fyrirvaralaust ef váttryggingartaki hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um váttryggða áhættu, sbr. 21. og 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 6.3 Með viku fyrirvara ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til sbr. 47. og 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Félaginu er ennfremur heimilt að segja upp öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.
- 6.4 Með tveggja mánaða fyrirvara, sbr. 15. og 76. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, ef fyrir hendi eru sérstök atvik, t.d.:
 - 6.4.1 Þegar tjónþungi váttryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á 12 mánuðum.
 - 6.4.2 Ef váttryggður hefur valdið tjóni af ásetningi.
 - 6.4.3 Ef váttryggður brýtur gegn varúðarreglum.
 - 6.4.4 Ef alvarlegur trúnaðarrestur hefur orðið milli váttryggðs og félagsins.
 - 6.4.5 Ef aðstæður váttryggðs, þ.m.t. starf hans og lífshættir breytast á váttryggingartímabilinu, eða ef notkun váttryggðs hlutar, starfsemi váttryggðs eða aðstæður almennt sem áhrif geta haft á váttrygginguna breytast, á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt váttrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf váttryggingartímabilsins
- 6.5 Félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum viðkomandi þegar váttryggingartaki eða váttryggður hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um váttryggða áhættu og ef váttryggður eða annar aðili veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til.
- 6.6 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi, skv. 18. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, er félaginu heimilt að segja upp váttryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis, skv. ákvæðum sömu laga.

7. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka

- 7.1 Við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar, sbr. 19. og 82. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Sömuleiðis ber váttryggingartaka, og eftir atvikum váttryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.
- 7.2 Skýri váttryggingartaki svíksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður skv. 20. gr. og 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. gr. Ákvörðun iðgjalds

Iðgjald fyrir váttryggingu er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunariðgjald, m.a. eftir nýrri iðgjaldaskrá, með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, sérstakri áhættubreytingu, verðlagsþróun og öðrum orsökum.

9. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

Nýti váttryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, til þess að slíta váttryggingarsamningnum á váttryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Sé andvirði váttryggðra muna eða annarra hagsmuna greitt út við alþjón og váttryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds.

10. gr. Vinnsla persónuupplýsinga

- 10.1 Félagið vinnur persónuupplýsingar um váttryggðan eða váttryggingataka samkvæmt skilmálum þessum, sérskilmálum, reglum og í samræmi við persónuverndarstefnu félagsins og ákvæði gildandi persónuverndarlaga á hverjum tíma. Vinnsla persónuupplýsinga er forsenda fyrir þeirri þjónustu sem félagið veitir og nauðsynleg til að félagið geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt váttryggingarsamningi.
- 10.2 Félagið óskar einungis eftir þeim upplýsingum sem það telur nauðsynlegt fyrir félagið til að geta sinnt þjónustu við váttryggða og váttryggingataka eða sem lög og reglur gera kröfu um. Sama á við um upplýsingaöflun frá þriðja aðila. Persónuupplýsingar eru einungis notaðar í þeim tilgangi sem þeirra var aflað.
- 10.3 Félagið er ábyrgðaraðili þeirra upplýsinga sem váttryggingartaki veitir því á grundvelli samnings við félagið. Félagið geymir aðeins þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir það til að þjónusta váttryggða eða váttryggingartaka eða þær upplýsingar sem lög og reglur gera kröfu um að sé aflað. Sama á við um þær upplýsingar sem félagið aflar frá opinberum aðilum á grundvelli samningssambands.
- 10.4 Persónuupplýsingar eru varðveittar eins lengi og viðskiptasamband varir og lög mæla fyrir um eða hagsmunir félagsins krefjast og málefnaleg ástæða þykir til.
- 10.5 Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram í samræmi við gildandi persónuverndarlög. Persónuverndarstefna félagsins er aðgengileg á heimasíðu félagsins en þar má finna nánari útlistun á því hvernig félagið vinnur persónuupplýsingar og í hvaða tilgangi. Þar er auk þess fjallað um varðveislutíma persónuupplýsinga, réttindi einstaklinga og tengiliðaupplýsingar persónuverndarfulltrúa félagsins.
- 10.6 Á grundvelli samningssambands við váttryggingartaka, lagaheimildar, samþykkis eða annarra lögmætra hagsmuna, eru teknar sjálfvirkar ákvarðanir um þjónustu, þ.m.t. á grundvelli persónusniðs. Tilgangur slíkrar vinnslu er að veita viðskiptavinum sérsniðna þjónustu. Sjálfvirk ákvörðun og eftir atvikum persónusnið er unnið úr þeim persónuupplýsingum sem félagið safnar hjá váttryggingartaka eða félagið hefur þegar um váttryggðan t.d. aldur, búsetu, tjónatíðni, fjöldi trygginga o.s.frv. og iðgjöld ákvarðast m.a. á grundvelli þessara upplýsinga. Dæmi um sjálfvirka ákvörðunartöku er veiting váttryggingar sem tekur mið af upplýsingagjöf sem váttryggingartaki veitir. Váttryggingartaki getur sjálfur stýrt því að hve miklu leyti hann kys að fá sérsniðna þjónustu byggða á gerð persónusniðs.
- 10.7 Á grundvelli samningssambands, lagaskyldu, lagaheimildar og brýnna hagsmuna, notar félagið persónuupplýsingar til að þróa og/eða kynna vörur, þjónustu eða viðskiptalausnir, sem og til að tryggja gæði veittrar þjónustu, hafa yfirsýn yfir stöðu váttryggingartaka og tryggja rétta ákvörðun iðgjalds.
- 10.8 Váttryggðir eiga rétt til að fá aðgang að persónuupplýsingum sínum hjá félaginu í samræmi við kröfur gildandi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

11. gr. Markaðsmál

- 11.1 Vinnsla persónuupplýsinga kann að fara fram í markaðslegum tilgangi á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins.
- 11.2 Félagið áskilur sér rétt til að nota tilteknar persónuupplýsingar váttryggingartaka í þeim tilgangi að þróa og kynna vörur, þjónustu eða viðskiptalausnir. Persónuupplýsingar eru einnig notaðar til að bæta þjónustu við váttryggða og váttryggingataka. Félagið getur þurft að hafa samband við váttryggða í þeim tilgangi t.d. í gegnum tölvupóst, með símtölum, smáskilaboðum eða í gegnum mínar síður eða með sambærilegum samskiptaleiðum.
- 11.3 Félagið vinnur nauðsynlegar upplýsingar um váttryggingartaka og váttryggða með vefkökum (e.cookies) á vef félagsins og á mínum síðum m.a. til að sníða vefsvæðið að þörfum notenda og til að upplifunin verði sem best og til að greina frávik frá hefðbundinni viðskiptahegðun.

12. gr. Tjónagrunnur

- 12.1 Öll tjón sem tilkynnt eru til félagsins eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem hýstur er af Creditinfo. Í tjónagrunninn mun félagið skrá kennitölu tjónþola ásamt upplýsingum um tegund tryggingar, tegund tjóns, dagsetningu tjóns, dagsetningu skráningar í tjónagrunninn, staðsetningu tjóns og einkvæmu númeri tjónþola, s.s. númeri ökutækis. Félagið telst ábyrgðaraðili vinnslunnar í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- 12.2 Tilgangurinn með skráningu framangreindra upplýsinga í tjónagrunninn er að reyna að koma í veg fyrir váttryggingasvik og ofgreiðslu váttryggingabóta, s.s. þegar tjónsatvik er tilkynnt til fleiri en eins tryggingafélags án gildra ástæðna. Vinnsla upplýsinga í öðrum tilgangi er óheimil.
- 12.3 Öllum upplýsingum verður eytt úr tjónagrunninum þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, þó í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu upplýsinganna.

12.4 Eingöngu þeir starfsmenn félagsins sem starfa að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum og er aðgangur þeirra háður því skilyrði að þeir gefi upp tilefni vinnslunnar í hvert sinn sem upplýsingunum er flett upp.

13. gr. Upplýsingagjöf

13.1 Félagið hefur sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð, sem m.a. felur það í sér að bera virðingu fyrir náttúrunni og að auka umhverfisvæna þætti í allri starfsemi félagsins. Með hliðsjón af þessari stefnu afhendir félagið að meginstefnu til ekki upplýsingar eða gögn til váttryggingartaka á pappírformi, nema váttryggingartaki hafi sérstaklega óskað eftir því með sérstakri beiðni þar að lútandi á mínum síðum.

13.2 Félagið sendir váttryggingartaka upplýsingar og tilkynningar vegna viðskipta í gegnum mínar síður, með tölvupósti eða með öðrum samskiptaleiðum sem félagið notar á hverjum tíma, nema annað leiði af lögum. Félagið sendir sjálfvirkar tilkynningar (e. push notification) með rafrænum hætti í gegnum mínar síður. Váttryggingartaki getur breytt slíkum sjálfvirkum tilkynningum á mínum síðum.

14. gr. Skyldur váttryggðs við tjónsatburð

14.1 Þegar váttryggingaratburður hefur orðið eða bein hættu er á því að hann muni bera að höndum, skal váttryggður reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlætanleg. Vanræksla í þessu efni getur haft í för með sér lækkun eða missi bóta, sbr. lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

14.2 Váttryggður skal án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu um váttryggingaratburð með sannanlegum hætti. Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Urskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. og 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

14.3 Váttryggðum ber að leita læknis strax og slys ber að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis. Þjófnað, innbrot, ráñ, skemmdarverk og árás skal ávallt tilkynna lögreglu eða næsta yfirvaldi og framvísa skýrslum þeirra hjá félaginu. Á ferðalögum erlendis skal einnig tilkynna fararstjóra um framangreinda atburði ef hans nýtur við.

14.4 Váttryggður, eða sá sem telur sig eiga kröfu á hendur félaginu, skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur.

14.5 Ef váttryggður veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt váttryggingarsamningnum.

15. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi váttryggðs

15.1 Ef tjón verður rakið til ásetnings váttryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður.

15.2 Valdi váttryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 27. gr. og 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þetta gildir ekki um ábyrgðartryggingar.

16. gr. Sviksamleg háttsemi

Sá sem sviksamlega vanrækir upplýsingaskyldu sína gagnvart félaginu missir allan rétt samkvæmt váttryggingarsamningi. Sé um fleiri váttryggingarsamninga að ræða getur hann auk þess misst rétt til bóta samkvæmt þeim vegna sama váttryggingaratburðar, sbr. 20.-21. gr. og 47. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, svo og 83. gr. og 120. gr. laganna.

17. gr. Virðisaukaskattur

Ef váttryggður eða tjónþoli á rétt á endurgreiðslu á virðisaukaskatti áskilur félagið sér rétt til að hafa framkvæmd á viðgerð og/eða uppgjöri tjóns á þann hátt að endurgreiðsla á virðisaukaskattinum komi til lækkunar á fjárhæð tjónsins í samræmi við lög og reglugerðir þar um.

18. gr. Skuldajöfnun

Þegar váttryggingartaki öðlast rétt til bóta hefur félagið rétt til að skuldajafna vangoldnu iðgjaldi gegn váttryggingarbótum sem því ber að greiða, sbr. 49. og 122. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

19. gr. Vextir

Váttryggður á rétt á almennum vöxtum af kröfu sinni þegar liðnir eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um váttryggingaratburð var send félaginu, sbr. 50. og 123. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Vextir eru þeir sömu og reiknast á almennar skaðabætur skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

20. gr. Endurkröfuréttur félagsins

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.

21. gr. Tilkynning um aðsetursskipti

21.1 Tilkynna skal félaginu tafarlaust ef váttryggingartaki flyst búferlum eða ef aðsetur hans breytist af öðrum orsökum.

21.2 Váttryggingartaki skal upplýsa félagið ef hann flytur utan, enda fellur ábyrgð samkvæmt ákveðnum tegundum trygginga niður við slíkar aðstæður.

22. gr. Tvítrygging

Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Það félag, sem bætir tjónið, getur endurkrafíð önnur félög hlutfallslega. Þetta ákveði á ekki við um slysatryggingu.

23. gr. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti hins váttryggða hærra en váttryggingarfjárhæðin greiðir félagið aðeins hlutfallslegar bætur samkvæmt eftirfarandi formúlu: Tjónabætur = Váttryggingarfjárhæð x Tjónsupphæð

Raunverulegt verðmæti þess sem er váttrygg

24. gr. Tjón á váttryggingartímabilinu

Hafi félagið greitt tjón úr váttryggingunni á váttryggingartímabilinu þá lækkar váttryggingarfjárhæðin um það sem bótonum nemur frá tjónsdegi til loka váttryggingartímabils, nema greitt sé hlutfallslegt aukaiðgjald það sem eftir lifir tímabils.

25. gr. Almenn undanþága frá bótaskyldu

25.1 Váttryggingin bætir ekki tjón sem stafa af kjarnorku, jónandi geislun, geislavirkum efnum, styrjöldum, hryðjuverkum, innrás, hernaðaraðgerðum, uppreisnar, borgarastríði, óeirðum, uppþoti, verkfalli eða svipuðum aðgerðum. Þá bætir váttryggingin ekki tjón af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.

25.2 Með brunatryggingu húseigna og lausafjár stofnast sjálfkrafa váttryggingarvernd hjá Náttúruhamfaratryggingu Íslands, skv. lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands nr. 55/1992. Náttúruhamfaratrygging Íslands bætir tjón af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða, sbr. 4. gr. laga nr. 55/1992.

26. gr. Meðferð ágreiningsmála

26.1 Allan ágreining sem varðar ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sem og ágreining varðandi bótaskyldu má leggja fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Úrskurðum Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum má skjóta til dómstóla.

26.2 Ágreining um bótaskyldu félagsins er varðar sök og sakarskiptingu skv. 5. gr. laga um ökutækjatryggingar nr. 30/2019, má leggja fyrir Tjónanefnd váttryggingarfélaganna. Álit tjónanefndar er ekki bindandi. Skjóta má úrskurði Tjónanefndar til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum.

27. gr. Heimili og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

28. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Um váttryggingar félagsins gilda lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum skilmálum.

Skilmálar þessir gilda frá 16.04.2020